

Skipulagsstofnun
Sigurður Ábjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 12. júní 2018
UST201806-093/B.S.
10.05.05


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðhitagarður á Hellisheiði. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða skilgreiningu iðnaðarlóða sunnan og norðan Sogslínu vestan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar. Við gatna og lóðagerð mun verða raskað hrauni á fyrrnefndu svæði en um það liggja nú tveir vegir og háspennulína. Hér er að hluta um raskað hraun að ræða og telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun í greinargerð að vissu leyti ófullnægjandi. Ekki er gerð grein fyrir því hvort leitað hafi verið leiða til að draga úr raski í hrauni í samræmi við 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir að forðast ber að raska hrauni nema brýna nauðsyn beri til. Í því tilfelli sem hér um ræðir er framkvæmdasvæðið fært frá sléttlendi út á hraun vegna fornminja án þess að kannað hafi verið hvort verndargildi þeirra felist í öðru en upplýsingagildi og mögulega mættu þær því víkja að undangenginni rannsókn. Umhverfisstofnun telur að best hefði farið á því að skilgreina lóðir alfarið norðan Sogslínu og fella lóðirnar betur að landi. On hefur um árabil rekið mjög metnaðarfulla umhverfisstefnu á Hellisheiði þar sem áhersla hefur verið lögð á góðan frágang og góða umgengi um landið. Því telur Umhverfisstofnun að leggja ætti meiri metnað í skilgreiningu og hönnun nýrra iðnaðarlóða á Hellisheiði þannig að ekki verði eingöngu skilgreindar „hefðbundnar“ iðnaðarlóðir sem leggja munu línurnar varðandi frekari lóða- og gatnagerð við Hellisheiðarvirkjun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri